Deloitte.

Skattabreytingar

Tækifæri eða vandamál ?

Guðmundur Skúli Hartvigsson
Lögfræðingur, Skatta- og lögfræðisvið Deloitte.

Hvað verður tekið fyrir?

- Arður greiddur til félags innan EES – ekki skattlagður á Íslandi. Lög 76/2007
- Breytingar á staðgreiðslulögum í kjölfar “Impregilo dómsins”. Lög 169/2007
- Frumvarp er varðar söluhagnað félaga vegna sölu hlutabréfa liggur nú fyrir Alþingi.

Arður

Arður greiddur til félags innan EES – ekki skattlagður á Íslandi

Gert með því að heimila erlenda félaginu að færa arðgreiðslu til frádráttar tekjum skv. 9. tl. 31. gr. tsl.

Arður

- Hvers konar félög er um að ræða?
- “sömu félagaformum”
- Félög skv. 1., 2., 4. tl. 1. mgr. 2. gr. tsl.
  - Hlutafélög
  - Einkahlutafélög
  - Samlagshlutafélög (skattskyldur aðili)
  - Samvinnufélög
  - Samlög

Arður

- Hvað þýðir þetta?
  - Fyrir breytingu var haldið eftir 15% skatti af greiðslu arðs til erlends félags
  - Á grundvelli tvísköttunarsamninga gat skattur af arði greiddum til erlends aðila numið allt frá 0% upp í 15%

Arður

- Samkvæmt breytingunni er enginn skattur af greiddum arði til félags innan EES óháð gildandi tvísköttunarsamningi.
- Umdeilanlegt hvort halda eigi eftir 10% eða 15% staðgreiðslu af greiddum arði í dag.
- Skattyfirvöld þyrftu að gefa skýr svör – skv. upplýsingum frá RSK er það 10% en ekki til skriflegt.
- Hinn erlendi aðili þarf að senda inn skattframtal líkt og íslenskir aðilar til að fá skattinn endurgreiddan. Þetta getur verið rúmlega ári síðar! Vond framkvæmd.

Arður

- Af hvaða tilefni kom þessi breyting?
  - EFTA dómstóllinn - Fókus bank málið.

Arður

- Hvaða tilgangi þjónar það nákvæmlega að lána ríkinu staðgreiðslu í ár?
- Væri ekki betra að gera hinum erlendu félögum kleift að senda framtalið inn strax?
- Samkvæmt lögum um stgr. fjármt. þarf íslenskt dótturfélag ekki að halda skatti eftir af arði til móðurfélags ef samsköttuð – þ.e. 90% eignarhald o.s.frv.

Deloitte.

- Breytingar á staðgreiðslulögum

Skilgreining á hugtakinu launagreiðandi

- Svona hljóðaði 7. gr. laga stgrl.
  - “Launagreiðandi samkvæmt lögum þessum telst hver sá aðili sem innir af hendi eða reiknar greiðslur sem teljast laun…”

Breyting á staðgreiðslulögum

- Í dómi Hæstaréttar í “Impregilomálinu” var komist var að þeirri niðurstöðu að ekki væri heimild í stgr.lögum til að leggja á notendur þjónustu starfsmannaleiga skyldu til staðgreiðsluskila af launum útleigðra starfsmanna – túlkun á hugtakinu “launagreiðandi”

Breyting á staðgreiðslulögum

- Tveimur nýjum málsgreinum bætt við lögin
  - “Vinnuveitandi starfsmanna sem ráðnir eru til starfa á grundvelli samnings um útleigu á vinnuafli telst launagreiðandi þeirra samkvæmt lögum þessum hafi starfsmannaleigan ekki skattalegt heimilisfesti hér á landi.
  - Starfsmannaleiga sem hefur staðfestu í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, öðru EFTA-ríki eða Færeyjum telst þó launagreiðandi nema um annað hafi verið samið við notendafyrirtæki. Notendafyrirtæki ber ábyrgð sem launagreiðandi hafi starfsmannaleigan ekki staðið réttilega skil á staðgreiðslu, sbr. 20. gr. Fjármálaráðherra er heimilt að binda staðgreiðslu starfsmannaleigu nánari skilyrðum. “

Breyting á staðgreiðslulögum

- Munur á hvort starfsmannaleiga hafi staðfestu innan EES, EFTA og Færeyjum eða utan.
- Ef innan þá telst starfsmannaleigan launagreiðandi – notendafyrirtækið í ábyrgð
- Ef utan – notandi þjónustunnar staðgreiðsluskyldur

Breyting á staðgreiðslulögum

- Nefndarálit gerir ráð fyrir að notendafyrirtækið geti tryggt í samningi við starfsmannaleiguna að hún standi skil á staðgreiðslu vegna hinna leigðu starfsmanna t.d. með því að skilyrðisbinda leigugreiðslur sína.

Deloitte.

- Frumvarp er varðar söluhagnað félaga vegna sölu hlutabréfa



Söluhagnaðarfrumvarpið

- Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á reglum sem varða skattlagningu á söluhagnaði lögaðila af hlutabréfum þannig:
  - Heimild til frestunar falli niður
  - að söluhagnaðurinn verði skattfrjáls að því tilskildu að frádráttur vegna þess kostnaðar sem fellur til við hlutabréfaviðskiptin verði takmarkaður og hvorki verði unnt að draga hann frá öðrum tekjum né geti hann myndað yfirfæranlegt tap hjá félögum.

Söluhagnaðarfrumvarpið

- Í frumvarpinu er lagt til að hagnaður félaga af sölu hlutabréfa verði frádráttarbær frá tekjum af atvinnurekstri óháð eignarhaldstíma þeirra í hendi seljanda.
  - Söluhagnaðurinn skattskyldur en frádráttarbær

Söluhagnaðarfrumvarpið

- Frádrátturinn ekki bundinn við hlutabréfaviðskipti innan EES – gildir líka um sölu hlutabréfa í fyrirtækjum staðsettum utan EES – þó ekki í lágskattalöndum (offshore).
- Sambærileg skilyrði og varðandi skattlagningu arðs.

Söluhagnaðarfrumvarpið

- Frádráttur vegna þess kostnaðar sem fellur til við öflun, viðhald eða tryggingu á viðkomandi tekjum, þ.e. hagnaður af sölu hlutabréfa – ekki unnt að draga frá öðrum tekjum.
- Getur ekki myndað yfirfæranlegt tap hjá félögum.
- Þá er tap sem kann að myndast vegna sölu hvers kyns hlutabréfa ekki frádráttarbært

Söluhagnaðarfrumvarpið

- Skattfrelsi hagnaðar af sölu hlutabréfa bundið við þau félagaform þar sem skattlagning er endanlega í hendi eigenda
- Eins og hluthafar í hlutafélagi og einkahlutafélagi við úthlutun arðs.
- sameignarfélög, samlagsfélög og einstaklingar í atvinnurekstri njóta **ekki** þessa skattfrelsis, en í gildandi lögum hafa þessir lögaðilar heimild til frestunar á söluhagnaði af hlutabréfum.

Söluhagnaðarfrumvarpið – spurningar sem vakna

- Hvað verður um þegar frestaðan söluhagnað t.d. 2007 sem ber að tekjufæra 2009 ef ekki er endurfjárfest?
- Frumvarpið svarar því ekki.
- Nefnt að ákvæðið öðlast gildi 1. janúar 2008 og komi til framkvæmda við álagningu tekjuskatts á árinu 2009 vegna söluhagnaðar sem myndast á árinu 2008.

Söluhagnaðarfrumvarpið – spurningar sem vakna

- "Rekstrarkostnað sem gengur til öflunar, viðhalds eða tryggingar á tekjum sem eru frádráttarbærar samkvæmt þessum tölulið er ekki heimilt að draga frá öðrum tekjum. Varði kostnaðurinn tekjur sem ýmist eru skattskyldar eða frádráttarbærar samkvæmt framangreindu skal skipta kostnaðinum í réttu hlutfalli við tekjurnar."

- Spurningar sem vakna eru m.a.

Söluhagnaðarfrumvarpið

- Er fjármagnskostnaður vegna kaupa á hlutabréfum aldrei frádráttarbær frá öðrum tekjum?
- Hvað ef meiningin er alls ekki að selja hlutabréfin og því mun aldrei myndast neinn söluhagnaður?
- Hvað ef fjárfestingin skilar bara arðstekjum?

Söluhagnaðarfrumvarpið

- Hvernig gengur þessi takmörkun á frádráttarrétti almennt upp nema á því ári sem söluhagnaður er innleystur?

- Fyrir þann tíma eru ekki fyrir hendi frádráttarbærar (óskattskyldar) tekjur.

Söluhagnaðarfrumvarpið

- Spurning hvort þetta geti ekki haft áhrif á skuldsettar yfirtökur t.d. fjárstreymi til að standa undir skuldbindingum þar sem minna hlutfall af vaxtakostnaði verður frádráttarbært frá skatti.

Deloitte refers to one or more of Deloitte Touche Tohmatsu, a Swiss Verein, its member firms, and their respective subsidiaries and affiliates. As a Swiss Verein (association), neither Deloitte Touche Tohmatsu nor any of its member firms have any liability for each other's acts or omissions. Each of the member firms is a separate and independent legal entity operating under the names "Deloitte", "Deloitte & Touche", "Deloitte Touche Tohmatsu", or other related names. Services are provided by the member firms or their subsidiaries or affiliates and not by the Deloitte Touche Tohmatsu Verein.

© Deloitte Touche Tohmatsu 2008